

C. D. Túliníusar fyrir eitt ár, talið frá 1. janúar 1872, mælumst vèr til útaf bræfi yðar, dagsettu 7. f. m., að þér bjóðið bæði hlutað-eiganda umboðsmanni og sýslumanni Ólívíusar að hafa nákvæmar gætur á, að kaupmaður Túliníus eigi noti námið á þann hátt, að það geti lagzt í eyði. Ef svo ber undir, að hætt verði við að námið skemmist, verður að gefa honum til kynna, að stjórnarráðið mun heimta fullar bætur fyrir skaða þann, sem kann að hafa hlotizt af rangri meðferð á námanum.

1871.

20. septbr.

88. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um gjald amtmanns til jafnaðarsjóðsins.¹

21. septbr.

Í bræfi 6. maí þ. á. hefir kanselliráð *Smith*, sem þá var settur amtmaður, leidd athygli stjórnarráðsins að því, að fyrrum amtmaður í norður- og austuramtinu, Havstein, hafi eigi goldið neitt tillag til jafnaðarsjóðsins um þá tíð, hann var í þessu embætti, þótt svo sè fyrir mælt í opnu bræfi 8. júní 1851,² að embættismenn eptirleiðis skuli greiða þetta gjald af tíundbæru lausafé sínu jafnt sem bændur, en amtmaður Havstein hefir borið fyrir sig, að opið bréf 8. júní 1851, sem sè almennt lagaboð, hafi ekki getað numið úr gildi þá sèrstaklegu ákvörðun í tíunda-reglugjörðinni 17. júlí 1782,³ 5. grein, þar sem svo er fyrir mælt, að amtmennirnir skuli vera lausir við að telja fram eigur sínar til tíundagjalds, og greiða þau gjöld, sem af þessu leiðir. Hinn setti amtmaður áleit aptur á móti, að opið bréf 8. júní taki ekki amtmenn undan því, að greiða þetta gjald, með því honum finnst, að orðið »tíundbæru« í tæðu opnu bræfi tákni eiginlegleika við lausaféð yfirhöfuð, en sè eigi haft til þess að taka undan lausafé

¹) Sama dag var stiptamtanni, biskupi og amtmanninum í vestur-umdæminu sent eptirrit af þessu bræfi.

²) Lovsamling for Island, XV., 109.

³) Lovsamling for Island, IV., 654.

1871.
21. septbr.

amtmanna, og hefir hann því borið málið undir úrskurð stjórnar-ráðsins. Útaf bréfi nokkru, sem seinna hefir borizt hingað frá amtmanni Havstein, hafið þér, herra amtmaður, í bréfi yðar 21. júlí þ. á. að endingu látið álit yðar í ljósi þannig, að með því amtmenn samkvæmt reglugjörð 17. júlí 1782, 5. grein eptir gömlum sið og landsvenju sè lausir við að telja fram lausafè sitt til tíundagjalds, og gjaldið til jafnaðarsjóðsins sè talið eptir lausafjártíundinni, verði eigi álitíð, að opið bréf 8. júní 1851 náí til amtmannanna.

Eptir að vèr útaf þessu höfum skrifazt á við stjórnardeid reikningsmálanna, sem hefir skýrt frá, að tíundbærar eigur amtmannanna á Íslandi, samkvæmt reglugjörð 17. júlí 1782, aldrei hafi verið taldar fram til tíundagjalds, gefst yður til vitundar það, sem hér skal sagt, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það og gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf.

Það er hvortvegga, að orðin í opnu bréfi 8. júní 1851 ná til allra embættismanna, sem eiga tíundbært lausafè, enda er tilgangurinn með lagaboðinu, að gjöra öllum jafnt undir höfði eptirleiðis að því leyti, er snertir gjald til jafnaðarsjóðanna, því til styrkingar, að enginn skyldi vera undan tekinn. Að því leyti, er snertir orðið »tíundbæru«, þá verður efalaust að skilja það á þá leið, að það aðeins eigi við eiginlegleika lausafjár yfirhöfuð (að það gefi af sèr arð eða ábata) — en það sèst meðal annars af því, að byggt er á því í tæðu opnu bréfi, að ekkjur embættismanna geti átt lausafè, sem ekki sè tíundbært, — og þannig verður eigi á þessu byggt, að amtmenn sè lausir við að greiða gjald þetta, og heldur ekki á því, að álíta að opið bréf 8. júní 1851 sè almennt lagaboð, sem ekki geti náð til hinnar sèrstaklegu ákvörðunar í reglugjörð 17. júlí 1782, með því tilgangurinn, eins og vèr gátum um, einmitt var sá, að nema úr gildi öll slík réttindi, hvort sem þau hefðu heimild í lögum eða venju.

Stjórnarráðið verður þannig að álíta, að bæði amtmennirnir og biskupinn eigi að greiða tæð gjald eins og aðrir; af Havsteini amtmanni verður samt ekki heimtað neitt gjald fyrir þann tíma, sem liðinn er, með því reikningsmálastjórnin hefir látið það gjald-

frelsi við gangast, en gjaldið fyrir 1870 verður að heimta af honum, og má taka það lögtaki, ef svo ber undir.

1871.
21. septbr.

89. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmaðnsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun kornláns handa Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu. 18. oktbr.

Með bræfi 12. ágúst þ. á. hafið þér, herra amtmaður, samkvæmt bræfi stjórnarráðsins 7. janúar og 4. júlí þ. á., sent hingað skýrslur frá sýslumönnunum í Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu um kornlán það, sem var veitt tæðum sýslum haustið 1867 af hinum íslenska styrktarsjóði, en af skýrslum þessum má sjá, að tveir af þeim átta hreppum í Eyjafjarðarsýslu, sem ennþá eru ekki búnir að borga lánið alveg, hafa ekki borgað neitt uppí það, nè heldur í vöxtu, að einn hreppur aðeins hefir borgað 7 rd., og hinir átta hrepparnir alls ekki goldið neitt frá lokum fjárhagsársins 1868—69, en hrepparnir í Skagafjarðarsýslu hafa borgað vöxtu af skuldinni til loka fjárhagsársins 1870—71, og eptir skýrslu Briems sýslumanns á nokkuð að vera borgað uppí skuldina, en ekki tilgreint hversu mikið. Jafnframt hafið þér skýrt frá, að þér á ný hafið brýnt fyrir sýslumönnunum, að sjá um, að eptirstöðvarnar af tæðri skuld verði borgaðar svo fljótt, sem auðið er, en þó lagt það til, að þeim, sem í hlut eiga, verði veittur frestur til næsta sumars með borgun þess, sem ekki verður goldið á þessu hausti.

Útaf þessu mælumst vèr til í sambandi við bréf stjórnarráðsins 7. janúar þ. á., að þér sjáið um, ef ekki er búið að gjalda vöxtu af láninu, þá sem komnir eru í gjalddaga 1. dag aprílm. 1872, og borgun uppí það 1. dag júlím. s. á., að lögsókn þá verði tafarlaust höfðuð, til þess að heimta eptirstöðvarnar, og að þér sendið hingað skýrslu um ráðstafanir þær, sem þér hafið gjört í þessu skyni, en með því skýrslur þær, sem nefndar eru að framan,